



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

BÓKF2BT05

Kennari	Stella Björk Fjeldsted, stella.fjeldsted@fss.is		
Viðtalstími	Mánudaga kl. 10:25-11:05, kennarastofa.		
Námsefni	Tölvubókhaldsforrit frá Reglu sem nemendur sækja ásamt kennara í fyrstu viku. Kennslubók og allt námsefni verður inni á Innu.		
Áfangalýsing	Gert er ráð fyrir að nemendur sem hefja nám í þessum áfanga hafi fullt vald á bókhaldshringrásinni, geti hafið bókhald, skráð færslur og lokað bókhaldi samkvæmt reglakerfi tvíhliða bókhalds. Þessi kunnátta er dýpkuð og tölvutæknin notuð til þess að færa bókhald. Farið er yfir þær kröfur sem gerðar eru til tölvubókhaldskerfa og varðveislu gagna sem notuð eru við slíkt bókhald. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hvernig fjárhagsbókhald sækir upplýsingar í birgðabókhald, viðskiptamannabókhald, sölubókhald og launabókhald. Kynntir eru möguleikar á ýtarlegri skýrslugerð ásamt túlkun og greiningu upplýsinga. Nemendum er kynnt mikilvægi upplýsingakerfa fyrir stjórnendur í nútíma viðskiptaumhverfi þar sem nákvæmar upplýsingar í rauntíma nýtast þeim til skilvirkrar ákvarðanatöku.		
Námsmat og vægi námsmatsþátta	Nemendur skila Reglu verkefnum þrisvar sinnum. Þegar þeir hafa lokið að færa janúar og febrúar, næstu skil þegar þeir hafa lokið mars og apríl og að lokum skila nemendur þegar þeir hafa lokið maí og júní. Einnig skila nemendur Excel verkefnum sex sinnum yfir önnina. 100 % verkefnaskil. Áfanginn er símatsáfangi. Ekkert lokapróf er í áfanganum.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti	Vægi	
	Bókhaldsverkefni	40%	
	Skil janúar og febrúar	20%	
	Skil mars og apríl	20%	
	Skil maí og júní	20%	
Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara.		
Annað sem kennari vill láta koma fram	Öllum verkefnum er skilað inn á Innu. <u>Þeir nemendur sem skila inn verkefnum frá öðrum fá sjálfkrafa fall í áfanganum. Sama gildir um þá sem láta aðra nemendur fá verkefni sín.</u>		

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • umhverfi tölvubókhalds/upplýsingakerfis • helstu vinnureglum tölvubókhalds • uppbyggingu tölvubókhaldskerfis og bókhaldslykilsins og skilji hvernig mismunandi undirkerfi vinna saman við heildarkerfið • færslu gagna úr bókhaldskerfi yfir í önnur forrit svo sem töflureikni, ritvinnslu o.fl. og þeim möguleikum sem í þessu felast notkunarmöguleikum bókhaldskerfis til markvissar upplýsingaöflunar og skýrslugerðar	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • færa tölvubókhald, bakfærslur og almennum vinnureglum • meðhöndla og merkja fylgiskjala • stofna og eyða t.d. vörunúmerum, birgjum og viðskiptamönnum • útbúa launaseðla og skilaskýrslur • gera upp fyrir tiltekið reikningstímabil • setja upp bókhaldslykil • færa gögn úr bókhaldskerfi yfir í önnur forrit svo sem töflureikni, ritvinnslu o.fl. vinna úr þeim gögnum sem flutt eru úr bókhaldskerfi til frekari útreikninga og framsetningar
Hæfni Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • hefja vinnu við færslu bókhalds í bókhaldskerfi • skrá, bóka og bakfæra fylgiskjöl í mismunandi kerfum • flokka, merkja og varðveita fylgiskjöl bókhalds • loka bókhaldsári minni rekstrar og sett upp ársreikning • nýta upplýsingakerfi til markvissrar upplýsingaöflunar og skýrslugerðar • túlka upplýsingar úr tölvubókhaldi	

Vinnuáætlun		
Tímasókn/Vinna í tímum	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Heimavinna	16 vikur x 2 klst.	32 klst.
Alls		96 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 19. – 22. ágúst	Kynning á áfanga. Skráning í Reglu. Verkefni 1, 2 og 3	
2. vika 25. – 29. ágúst	Verkefni 4 Færslur janúar	Skila verk. 1-4
3. vika 1. – 5. september	Færslur janúar	
4. vika 8. – 12. september	Færslur janúar Verkefni 5, 6, 7 og 8	Skila verk. 5-8
5. vika 15. - 19. september	Færslur febrúar	
6. vika 22. - 26. september	Færslur febrúar	
7. vika 29. sept. - 3. október	Færslur febrúar Verkefni 9, 10, 11 og 12	Fyrstu skil (jan. og feb.) Skila verk. 9-12
8. vika 6. - 10. október	Færslur mars	
9. vika 13. - 17. október <i>Námsmatsdagur 16. okt. Vetrarleyfi 17. okt.</i>	Færslur mars Verkefni 13, 14, 15 og 16	Skila verk. 13-16
10. vika 20. - 24. október <i>Vetrarleyfi 20. okt.</i>	Færslur apríl	
11. vika 27- 31. október	Færslur apríl	Önnur skil (mars og apríl)
12. vika 3. - 7. nóvember	Færslur maí Verkefni 17, 18, 19 og 20	Skila verk. 17-20
13. vika 10. - 14. nóvember	Færslur maí	
14. vika 17. - 21. nóvember	Færslur maí Verkefni 21, 22, 23 og 24	Skila verk. 21-24
15. vika 24. - 28. nóvember <i>Dimissio 28. nóv.</i>	Færslur júní	
16. vika 1. - 8. desember <i>Stoðdagur mánudaginn 8. des.</i>	Færslur júní	Þriðju skil (maí og júní)

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Stella Björk Fjeldsted